

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ársskýrsla 2018

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Rekstur og fjármál.....	5
Símenntun og fræðsla.....	6
Matvælaeftirlit.....	8
Umhverfiseftirlit.....	11
Vöktun.....	16
Hundaeftirlit	19



Inngangur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (skammstöfun HER) er eitt 10 heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga á Íslandi, sjá nánar um almennt hlutverk, verkefni og skipulag HER; <https://reykjavik.is/um-heilbrigðiseftirlitid>

Stöðugildi hjá embættinu voru 23 og hafði eitt stöðugildi bæst við síðan 2007 í matvælaeftirliti. Starfsemin skiptist í deildir og einingar eftir verkefnum, sjá skipurit hér fyrir neðan. Einnig var á árinu starfandi skrifstofufulltrúi í sérverkefnum fyrir HER í 70% starfi. HER hefur að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki með breiðan bakgrunn og mikla þekkingu. Auk starfsfólks HER fær embættið þjónustu frá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, skrifstofufulltrúum, lögfræðingum og mannauðsfulltrúum Umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar.



Árið 2018, fyrir utan lögboðin verkefni, einkenndist af greiningu og skipulagsvinnu s.s. uppfærslu verkferla og gerð nýrra verkferla sem sífellt bætist í vegna breyttra verkefna og meiri krafna um samræmingu og leiðbeiningar til starfsfólks. Á starfsdegi stjórnenda HER hófst vinna við framtíðarsýn og stefnumótun. Uppfærsla var gerð á heimasíðu HER auk þess sem vinna hófst við endurgerð hennar í samstarfi við vefteymi Reykjavíkurbogar. Forgangsröðun verkefna var gerð bæði í starfs- og fjárhagsáætlunum sem unnar voru fyrir árið. Mikil forgangsröðun verkefna var nauðsynleg og skýrist það af stöðugildum samanborið við verkefnastöðu.

Farnar voru rúmlega 3600 eftirlitsferðir á árinu. Fyrirtæki með gild starfsleyfi voru um 3750 og eru þau háð reglubundnu eftirliti þar sem tíðni eftirlits er ákvörðuð eftir umfangi og áhættu


viðkomandi reksturs. Kvartanir og ábendingar sem bárust voru yfir 1200 árinu, langflestar hjá Umhverfiseftirlitinu.

Nýmæli var að komið var á aðgengilegu kerfi á netinu þar sem almenningur getur séð niðurstöður úr reglubundnu eftirliti í starfsleyfisskyldum fyrirtækjum. Sú vinna var unnin vegna síaukinna krafna um gagnsæi, frumkvæðisskyldu stjórnvalda að birta gögn á aðgengilegan hátt og ekki síst þar sem lagaleg skylda var sett á um áramótin 2017/2018 að birta eftirlitsskýrslur úr hollustuhátta- og mengunareftirliti. Matvælaeftirlíð er samofið því eftirliti og því allt eftirlit birt enda um opinber gögn að ræða og ekki hægt að skilja einn eftirlitsþátt frá úr eftirlitsskýrslum. Þessi framsetning gagna var unnin í samráði við vefteymi Reykjavíkurborgar og hugbúnaðarfyrirtækið REON.

Reykjavíkurborg hefur um tíma unnið að þarfagreingum vegna nýrra tölvukerfa fyrir öll fyrirtæki og stofnanir í rekstri borgarinnar þ.á.m. HER. Forkönnun og útboð vegna þessa fóru fram á árinu. HER skilaði inn þarfagreiningu vegna þessa á fyrra ári (2017) og er orðið mjög aðkallandi að þessi mál verði kláruð vegna faglegs starfs HER sem og lagalegra skyldna vegna úrvinnslu og skilum gagna.

Starfsmenn HER tóku þátt í tilraunaverkefninu „Stytting vinnuvikunnar“ hjá Reykjavíkurborg og var almenn ánægja með það verkefni sem er tímabundið til ágústloka 2019.

Samgöngustyrkur var veittur þeim sem koma til vinnu flesta daga vikunnar á annan hátt en á einkabíl, um 40% starfsmanna HER nýttu sér slíkan samning. Varðandi akstur í eftirliti þá voru langflestir sem nýttu sér bíla Reykjavíkurborgar en aðrir útveguðu bíl og héldu akstursdagbók.



Rekstur og fjármál

Starfs- og eftirlitsáætlanir eru uppfærðar árlega og tillit tekið til mögulegra breytinga eða sveifla í rekstri í samræmi við það.

Áætlanir fyrir árið 2019 voru unnar og í framhaldinu kynntar og samþykktar á fundum umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar sem fer með hlutverk heilbrigðisnefndar fyrir hönd sveitarfélagsins. Í starfsáætlun voru kynnar nýjungar hjá embættinu sem og almenn störf HER og var áætlunin kynnt á starfsdegi með kjörnum fulltrúum. Forgangsröðun verkefna með reglubundið eftirliti og önnur lögboðin verkefni voru í forgrunni sem áður. Gjaldskrá hundaeftirlits hefur ekki hækkað síðan 2016 en gjaldskrá HER var hækkuð og fór tímagjald úr 13.800kr í 14.100kr. Sjá nánar um opinber fjármál á <https://reykjavik.is/opinfjarmal>.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2018

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	2018
Tekjur	
- Eftirlits- og starfsleyfisgjöld	160.380.000
Laun	
- Laun og launatengd gjöld	233.540.000
Rekstrarkostnaður	
- Annar rekstrarkostnaður	48.357.000
Samtals laun og rekstrarkostnaður	281.897.000
Gjöld umfram tekjur:	121.517.000
Hundaeftirlit	2018
Tekjur	
- Eftirlits, leyfis- og handsömunargjöld	32.668.570
Laun	
- Laun og launatengd gjöld	27.774.463
Rekstrarkostnaður	
- Annar rekstrarkostnaður	15.689.073
Samtals laun og rekstrarkostnaður	43.463.536
Gjöld umfram tekjur:	10.794.966

Símenntun og fræðsla

Á árinu voru haldnir fræðslufundir um starfsánægju, líðan í starfi og fleira því tengt auk fræðslu um streitu og kulnun. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var kynnt. Vinnustofa var haldin hjá HER um heilsueflingu og vellíðan og greint hvað helst þyrfti úrbóta við. Einnig var fræðsla um hvernig takast á við krefjandi verkefni sem eru fjölmörg hjá HER. Námskeið voru haldin um upplýsinga- og stjórnsýslulögin en upprifjun á þeim lögum er nauðsynleg reglulega. Þess fyrir utan var haldinn skemmti- og fræðsludagur um ýmislegt tengt starfi heilbrigðisfulltrúa tengt staðsetningum í borginni gegnum árin í Reykjavík en fyrsti heilbrigðisfulltrúinn tók til starfa í Reykjavík árið 1905. Fagleg málefni voru kynnt bæði sem sérstök fræðsla s.s. mengun af völdum flugelda og námskeið um eftirlit með leikvöllum og leikvallatækjum sem Umhverfisstofnun hélt auk námskeiðs um hreinsun stranda vegna olíumengunar.

Matvælastofnun var með fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa um örverur í matvælum og geymslupolsmerkingar matvæla. Fjölmörg fagleg málefni sem voru til umfjöllunar og meðferðar hjá HER voru kynnt á svokölluðum faghópsfundum sem haldnir voru nær mánaðarlega. Þar fræddu heilbrigðisfulltrúar hvern annan og deildu þekkingu um ýmislegt sem þeir hafa sérþekkingu á eða höfðu sótt námskeið eða fræðslu um auk þess sem ákveðin tilvik voru krufin. Sem áður voru að störfum faghópar skipaðir heilbrigðisfulltrúum frá öllum svæðum í landinu auk fulltrúum frá yfirstofnunum þar sem miðlað er þekkingu og reynslu um ýmis mál; hollustuháttahópur, umhverfisgæðahópur og matvælahópur. Mesta fagþekking á starfi heilbrigðisfulltrúa liggur hjá þeim sjálfum. Ráðstefnur sem sóttar voru, sjá hjá eftirlitsdeildunum. Að öðru leyti sáu heilbrigðisfulltrúar um að sinna sinni símenntun eftir þörfum hvers og eins og þeir eru ábyrgir fyrir.

Vorfundur heilbrigðiseftirlitssvæðanna á Íslandi með Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 2018 var haldinn að Höfðabrekku í Mýrdalshreppi. Þar fóru yfirstofnanir og fagráðuneyti sem áður yfir helstu nýmæli og lagabreytingar er varða störf eftirlitsaðila. Á fundinum var m.a. tekið fyrir áhættumat og –flokkun, sameiginlegar landsáætlanir í eftirliti auk opinberrar birtingar gagna úr eftirliti. Árlegur haustfundur allra heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn í október hjá HER. Þar var áberandi umræða um nýja reglugerð varðandi mengunareftirlit. Einnig voru flutt fjölmörg erindi er varða mál sem snerta heilbrigðiseftirlit og tilfelli sem komu upp á

heilbrigðiseftirlitssvæðunum s.s. matarsýkingar, heimaslátrun og mengunarslys. Einnig voru gagnagrunnar kynntir sem notaðir eru til skráninga í eftirliti.

Stjórnendur HER sátu viðamikið námskeið sem kallaðist „Forystunám“ á vegum Reykjavíkurborgar þar sem farið var m.a. yfir stjórnkerfi borgarinnar, helstu stefnur og markmið svo eitthvað sé nefnt.

Matvælaeftirlit

Deild Matvælaeftirlits gaf út starfsleyfi og annaðist reglubundið eftirlit með starfsleyfis- og skráningarskyldum matvælafyrirtækjum í Reykjavík auk gististaða. Matvælaeftirlitið veitti fjölmargar umsagnir um umsóknir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði og tækifærisleyfi en leyfisveitandi rekstrarleyfa er sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Fjölda útgefna starfsleyfa, markaðsleyfa auk umsagna um rekstrar- og tækifærisleyfi má sjá í töflunni hér að neðan. Auk reglubundins eftirlits voru verkefni deildarinnar fjölbreytt á árinu. Margs konar sýnatökur voru stór hluti af verkefnum deildarinnar en aðallega var um að ræða sýnatökur sem falla undir reglubundið eftirlit á neysluvatni í dreifikerfinu og ís úr vél. Öll neysluvatnssýni stóðust kröfur utan eins fráviks í janúar þegar miklar öfgaaðstæður urðu í veðri/asahláku og yfirborðsmengun komst í grunnar vatnstökuholur. Gripið var til aðgerða strax. Engin hætta skapaðist eða sjúkdómsvaldandi örverur ræktuðust. Í kjölfarið var unninn verkferill til að skerpa á verklagi við slíkar aðstæður með sóttvarnalækni og Matvælastofnun. Í landsbundnu eftirlitsverkefni voru tekin sýni úr kjöti á markaði auk þess sem samningur er við Matvælastofnun vegna rannsókna á varnarefnum í ávöxtum, grænmeti og öðrum matvælum.



Heilbrigðisfulltrúar skráðu og rannsökuðu kvartanir sem bárust deildinni og önnuðust einnig rannsóknir matarsýkinga ásamt sóttvarnalækni og Matvælastofnun. Stærsta matarsýkingin sem rannsökuð var á árinu var rakin til neyslu sjávarafurða á veitingastað í borginni í nóvember. Fjörutíu og



fjörir einstaklingar veiktust og voru veikindin rakin til nóróveiru í ostrum á staðnum. Heilbrigðisfulltrúar höfðu eftirlit með merkingum matvæla, þ.m.t. fullyrðingum í merkingum og í markaðssetningu, miðlun upplýsinga um ofnæmis- eða óþolsvalda í matvælafyrirtækjum á borð við veitingastaði, notkun aukefna í matvælum o.fl. Tveir heilbrigðisfulltrúar fóru á námskeið í Hollandi um rannsóknir matarsýkinga sem er hluti af námskeiðum sem Evrópusambandið býður starfsfólki sem m.a. starfar við matvælaeftirlit í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins upp á. Þrír starfsmenn fóru á norræna eftirlitsráðstefnu fyrir starfsfólk í matvælaeftirliti á Norðurlöndunum. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Osló, Noregi. Matvælaeftirlitið tekur þátt í eftirlitsverkefnum með öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum og Matvælastofnun og var engin breyting á því á árinu. Matvælastofnun hélt í byrjun ársins námskeið um örverur, *Listeria monocytogenes* og um geymsluþolsmerkingar matvæla fyrir starfsmenn sem vinna við matvælaeftirlit í samvinnu við Rannsóknáþjónustuna Sýni ehf. Heilbrigðisfulltrúar höfðu samráð og samskipti við aðra eftirlitsaðila og stofnanir um margs konar álitamál, erindi og verkefni sem komu á borð deildarinnar. Einnig voru upplýsingar og fræðsluefni á heimasíðu uppfært eftir þörfum. Á árinu voru sendar út 23 fréttatilkynningar um matvæli og matvælasnertiefni sem ekki voru örugg, til upplýsingar fyrir almenning. Innkallanir á matvælum voru framkvæmdar þegar þau stóðust ekki kröfur, án undantekninga í góðri samvinnu við rekstaraðila.

Á deildinni störfuðu tíu heilbrigðisfulltrúar með deildarstjóra árið 2018 (allt árið og hluta úr ári) í 8 stöðugildum.

Nánari nánar um Matvælaeftirlitið á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/matvaelaefirlit>.

Helstu tölur hjá Matvælaeftirliti fyrir árið 2018:

Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild matvælaeftirlits eða eru skráð (tala í september 2018)	1776
Heildarfjöldi útgefinna starfsleyfa á deild matvælaeftirlits 2018	231
-Þar af ný starfsemi/nýskráning	126
-Þar af eigendaskipti	63
-Þar af endurnýjun	13
-Þar af breyting á starfsemi	12
-Þar af breyting á húsnæði	10
-Þar af flutningur í nýtt húsnæði	6
-Þar af tímabundið starfsleyfi (markaðsleyfi)	73
Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns fyrir veitinga- og gististaði	214
Umsagnir um tækifærisleyfi	97
Skráðar kvartanir	136
Sýnatökur varnarefni - fjöldi sýna	123
Sýnatökur ís - fjöldi sýna	11
Sýnatökur neysluvatn - fjöldi sýna (úr dreifikerfi og af vatnsverndarsvæði)	137
Sýnatökur kjötverkefni - fjöldi sýna	284

Umhverfiseftirlit

Deild Umhverfiseftirlits gaf út starfsleyfi og sinnti eftirliti með atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun ásamt hollustuháttafyrirtækjum auk eftirlits með íbúðarhúsnæði.

Eftirlit var haft með og gefin voru út 17 tímabundin starfsleyfi vegna ýmiss viðburða í borginni s.s. Secret Solstice, Októberfest, Airwaves, Sirkus o.fl. auk 13 tímabundinna starfsleyfa fyrir áramóta- og þrettándabrennur. Fyrir viðburðina voru unnin sértæk starfsleyfisskilyrði sem tóku til umhverfis- og umgengismála auk hreinlætisaðstöðu og öryggismála fyrir gesti. Einnig voru veittar umsagnir um rekstrarleyfi og u.þ.b. 80 tímabundin áfengisleyfi sem sýslumaður gefur út vegna ýmsa viðburða og skemmtana. Á árinu voru veitt 40 tímabundin starfsleyfi vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.



Gefin voru út 23 sóttvarnavottorð fyrir skip. Upp kom mál er varðaði skyndiveikindi um borð í skipi og tóku heilbrigðisfulltrúar deildarinnar þátt í rannsókn málsins með sóttvarnalækni.

Alls bárust deildinni 958 kvartanir á árinu, þ.a. 371 almennar kvartanir vegna vegna íbúðarhúsnæðis, ólyktar, slæmrar umgengni um lóðir og lendur, öryggismála, fráveitu, starfsemi fyrirtækja o.fl. Kvartanir vegna númerlausra bifreiða voru 587 sem leiddu til þess að límdir voru miðar með kröfu um að fjarlægja bifreiðina á tæplega 1000 númerslausar bifreiðar, en deildin lætur fjarlægja þær af borgarlandi en einnig öðrum stöðum ef mengunar- eða slyshætta stafar af bifreiðunum. Af þessu má sjá að vinna vegna kvartana var umtalsverður hluti af starfsemi deildarinnar. Ítrekaðar kvartanir voru á árinu vegna ólyktar frá starfsemi í Gufunesi en skýring fannst að lokum, að hluta til a.m.k.

Reglubundið eftirlit var með hefðbundnum hætti á sundstöðum. Farið var þrisvar á árinu á minni sundstaði þ.e. kennslu- og æfingalaugar en fjórum sinnum á stóru sundstaðina. Tekin voru sýni til klórmælinga í öllum ferðunum. Einnig voru tekin sýni til gerlarannsóknna úr öllum laugarkerfum stóru sundstaðanna einu sinni yfir sumarið og farið í eftirfylgni eftir þörfum. Þar sem niðurstöður stóðust ekki kröfur var sýnataka endurtekin skv. reglugerð. Helstu niðurstöður sýnatöku á sundstöðum voru að frávik voru fleiri en áður og endurtaka þurfti sýnatöku á nokkrum stöðum. Skýring á þessu var að vatnsstreymi hafði verið minnkað og reynt að hafa klórmagn í lágmarki sem hafði neikvæð áhrif á vatnsgæðin og var þessu því breytt. Sýnataka vegna THM (trihalometan) mælinga fór fram í innlaugum stóru almenningssundstaðanna í borginni. Ekki eru til viðmiðunarmörk fyrir þessa mælingu en hún gefur vísbendingu um gæði innilofts við yfirborð laugar. Niðurstöður sýndu gott ástand hvað þetta varðar. Í eftirliti með mötuneytum í skólum og leikskólum voru tekin sýni til ATP (adenosine triphosfat) mælinga á staðnum. Þessar mælingar eru góður mælikvarði á gæði þrif þ.á.m. uppþvott. Í nokkrum tilvikum voru niðurstöður ófullnægjandi og var gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldinu.

Unnin voru sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir Hringrás hf. og fyrir bensínstöðvar, einnig var hafinn undirbúningur að vinnslu sértækra starfsleyfisskilyrða fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi. Gefin voru gefin út 302 starfsleyfi til fyrirtækja þar sem ekki er krafist ítarlegara starfsleyfisgerðar. Ýmist var um að ræða ný starfsleyfi, endurnýjanir, eigendaskipti eða



breytingar á húsnæði og/eða starfsemi. Gefin voru út 39 tóbakssöluleyfi flest vegna endurnýjunar eða eigendaskipta.



Starfsfólk deildarinnar sótti endurmenntun og fræðslu eftir því sem tækifæri gáfust og má þar nefna eftirfarandi. Námskeið í eftirliti með leiksvæðum sem haldið var af RoSPA (The Royal Society for the Prevention of Accidents) í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Tveir heilbrigðisfulltrúar sóttu námskeið í Kaupmannahöfn um innivist og inniloft. Einnig tók starfsfólk deildarinnar þátt í samstarfsverkefnum og samstarfshópum með öðrum stofnunum s.s. vinnuhópum Umhverfisstofnunar og heilbrigðseftirlits sveitarfélaga þ.e. umhverfisgæðahópi og hollustuháttahópi.

Starfsdagur hollustuháttahóps var helgaður sundlaugum, bæði var farið í vettvangsferðir og farið yfir öryggisreglur. Á starfsdegi umhverfisgæðahóps var áhersla lög á nýútkomna reglugerð um

varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi en sú reglugerð var gefin út í árslok 2017 og hefur töluverð áhrif á störf heilbrigðisfulltrúa hvað varðar eftirlit með mengandi starfsemi. Á árinu tók gildi reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit en gildistaka reglugerðarinnar hefur töluverð áhrif á útgáfu starfsleyfa fyrir rekstur sem reglugerðin tekur til. Haldinn var vinnudagur með heilbrigðisfulltrúum og Umhverfisstofnun í umhverfis- og auðlindaráðneytinu þar sem farið var yfir helstu breytingar sem reglugerðin hefur í för með sér. Má þar nefna að allar starfsleyfisumsóknir vegna mengandi starfsemi þarf nú að auglýsa opinberlega í 4 vikur. Gildir það jafnt um endurnýjun leyfa sem og ný leyfi og hvort sem um lítil fyrirtæki með einfaldan rekstur sé að ræða eða stærri fyrirtæki sem þarfnast ítarlegrar starfsleyfisgerðar. Tímabundna starfsemi s.s. brennur og niðurrif bygginga þarf líka

að auglýsa í fjórar vikur. Einnig þarf að vinna greinargerð með öllum starfsleyfum sem gefin eru út. Þetta jók töluvert vinnuálagið á deildinni. Talsverð umræða var um þetta fyrirkomulag um áramótin þegar í ljós kom að tvísýnt væri um hvort hægt yrði að halda áramótabrennur þar sem umsækjendur áttuðu sig seint á breyttu fyrirkomulagi.

Heilbrigðisfulltrúar deildarinnar tóku þátt í samráðsvettvangi á vegum umhverfiráðuneytisins um aðgerðaáætlun í plastmálefnum, í Mengunarvarnaráði hafna og vinnuhópnum Hreint loft Betri heilsa. Undirbúningur var loks hafin að endurskoðun á reglugerð um hollustuhætti og var deildarstjóri deildarinnar skipuð í undirbúningshóp um heildarendurskoðun á reglugerðinni, ásamt að sitja í starfshópum um endurskoðun reglugerðarinnar. HER var búið að kalla eftir breytingum á reglugerðinni í árafjöld og var ekki komin niðurstaða um breytingar í lok ársins.

Umsagnir um umhverfismál, skipulag, lagafrumvörp, reglugerðir, og ýmsar leyfisveitingar voru unnar af starfsmönnum Umhverfiseftirlits í samvinnu við starfsmenn Vöktunar. Vegna verkefnaálags gátu heilbrigðisfulltrúar minna sinnt fræðsluhlutverki sínu en vilji var til utan reglubundins eftirlits þar sem stöðug fræðsla og leiðbeiningar fara fram. Niðurstöður eftirlits með leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og öðrum stöðum sem skóla- og frístundasvið starfrækir kynnar fyrir umhverfis- og heilbrigðisráði og skóla- og frístundaráði borgarinnar.

Teknir voru í notkun nýir hljóðmælar (snjallmælar) sem hægt er að setja upp t.d. á stöðum þar sem kvartað er undan hljóðmengun og fylgjast með ástandinu í rauntíma. Mælarnir sönnuðu þegar gildi sitt við að fylgjast með ástandi hávaðamála t.d. í miðborginni og við rannsókn kvartana vegna hávaða, ekki síst þegar kanna þarf aðstæður utan hefðbundins vinnutíma Heilbrigðiseftirlitsins.

Á deildinni eru 10 stöðugildi sem ekki voru fullmönnuð allt árið vegna mannabreytinga. Sjá nánar um umhverfiseftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/umhverfiseftirlitid>

Helstu tölur hjá Umhverfiseftirliti fyrir árið 2018:

Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild umhverfiseftirlits	1976
Heildarfjöldi útgefna starfsleyfa á deild umhverfiseftirlits 2018 (ný starfsemi, endurnýjun, breytingar, eigendaskipti)	303
Heildarfjöldi tóbakssöluleyfa (ný starfsemi, endurnýjun, breytingar, eigendaskipti)	39
Þar af tímabundið starfsleyfi (viðburðir, niðurrif, brennur)	70
Skráðar kvartanir	958
-Þar af kvartanir vegna númerslausra bíla	587
Umsagnir um tækifærisleyfi	80
Útgefin sóttvarnarvottorð vegna skipa	23
Sýnatökur úr baðvatni - fjöldi sýna (klórmælingar og gerlarannsókn)	348
Sýnatökur ATP/mat á þrifum - fjöldi sýna	400

Vöktun

Hjá einingu Vöktunar voru eins og fyrri ár helstu verkefnið fólgin í vöktun á vatnsgæðum strandsjávar, áa og vatna, vöktun á loftgæðum í borginni ásamt gerð umsagna.

Niðurstöður strandsjávarsýntöku voru á sama róli og undanfarin ár. Tekin voru 84 sýni og voru níu yfir mörkum, eða um 9%, en þar af voru þrjú sýni úr Eiðsvík og þrjú úr Elliðavogi. Sérstök átaksverkefni í leit að röngum tengingum fráveitulagna voru ekki á árinu utan verkefna sem þegar voru í gangi en öllum ábendingum og kvörtunum sinnt eins og venja er.

Daglega vöktun á loftgæðum í borginni var á árinu sem áður. Svifryk (PM10) fór 18 sinnum yfir sólahringsheilsuverndarmörk (50 $\mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg en má fara 35 sinnum yfir mörkin skv. reglugerð. Köfnunarefnisdíoxíð fór níu sinnum yfir sólahringsheilsuverndarmörk (75 $\mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg en má fara sjö sinnum yfir mörkin skv. reglugerð.

Nýársdagur 2018 var sérstakur fyrir það að þá mældist hæsta sólahringsmeðaltal svifryks (PM10) frá upphafi mælinga í borginni og til samanburðar var gildið hærra en í eldgosunum í Eyjafjallajökli árið 2010 og Grímsvötnum árið 2011. Styrkurinn hélst hár nær allan nýársdag vegna gríðarlegs magn flugelda sem skotið var upp auk óhagstæðra veðurskila. Umræður í kjölfar þessa hófust hvernig hægt væri að grípa inn í með aðgerðum vegna mikillar og óheftrar flugeldanotkunar á Íslandi. Ekki kom niðurstaða hvort og hvernig skyldi brugðist við.





Keyptir voru tveir nýir svifryksmælar á árinu sem mæla auk PM10, PM2.5 og PM1. Bryn þörf var orðin á að geta mælt finna svifrykið en það berst lengra ofan í lungu fólks og er þ.a.l. hættulegra.

Í lok ársins var farið að birta mæligögn í gegnum nýtt loftgæðaupplýsingakerfi Umhverfisstofnunar, Airviro. Byrjað var í að vinna við útfærslu á nýjum vef vegna birtingar loftgæðaupplýsinga á vef HER. Á árinu voru gefnar úr viðvaranir til almennings í þau skipti sem loftgæði voru slæm eða grunur að þau yrði það. Skólayfirvöld í borginni voru sérstaklega vöruð við skv. verklagi þar um

Árleg yfirferð um vatnsverndarsvæðið var farin þar sem almenn umgengni, ástand sumarhúsa og tæming á rotþróm var skoðuð. Ágætlega gekk að innheimta kvittanir fyrir tæmingum á rotþróm á svæðinu og yfir heildina var umgengni í lagi. Sumarhús við Elliðavatn, á svokölluðum Elliðavatnsblettum, brann til kaldra kola en aldrei var hætta á ferðinni hvað varðar vatnsvernd og gekk vel að hreinsa upp eftir brunann. Sem áður voru áhyggjur af svæðinu vegna mikillar umferðar um og við svæðið. Sem dæmi valt olíubíll á Suðlandsvegi og olía lak niður sem tókst að hreinsa auk annarra minni atvika þar sem einnig tókst að koma í veg fyrir mengun. Ástand vega á vatnsverndarsvæðinu er lélegt í Heiðmörk og ekki síður í Bláfjöllum í landi Kópavogs, auk þess sem einn umferðabyngsti vegur landsins liggur að hluta til á vatnsverndarsvæðinu. HER og Veitur ohf. skrifuðu borgarstjórn Reykjavíkur erindi þar sem þessar áhyggjur voru reifaðar og óskað eftir að komið verði á fót stýringu á bílaumferð í Heiðmörk. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fundaði á árinu um ýmis mál er varðar svæðið s.s. línulagnir, aukningu á umferð í Bláfjöll vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar, aukin vinnsla neysluvatns í Vatnsendakrikum o.fl.

Starfsmenn Vöktunar héldu m.a. fyrirlestra um olíumengun og viðbrögð við henni fyrir starfsmenn verkþækistöðva og voru með kynningu á loftgæðamælingum fyrir leikskólastjóra borgarinnar. Einnig tók annar starfsmannanna þátt í viðamiklu námskeiði á vegum Umhverfisstofnunar um hreinsun stranda vegna olíumengunar.

Eining Vöktunar vann á árinu 25 umsagnir um hin ýmsu málefni sem snertu lög og reglugerðir, skipulag, málefni sem tengjast mati á umhverfisáhrifum, framkvæmdum inni á vatnsverndarsvæðinu o.fl. Einnig komu inn á borð Vöktunar tvær starfsleyfisumsóknir vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæðinu og ein vegna framkvæmda í Geldinganesi.

Tveir heilbrigðisfulltrúar/verkefnastjórar voru starfandi hjá einingu Vöktunar í tveimur stöðugildum.

Sjá nánar um Vöktun á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/voktun-umhverfi>

Hundaeftirlit

Önnur mál hjá einingunni utan hefðbundins eftirlits og framfylgd hundasamþykktar fyrir Reykjavík, voru að veita umsagnir um reynslu HER af verkefninu „gæludýr í strætó“ sem HER hefur verið jákvætt fyrir og reynslan sýnt að hefur gengið vel hingað til. Líklegt þykir að það verkefni festist í sessi. Unnið var að því og komið á laggirnar hjá Reykjavíkurborg athvarfi fyrir dýr sbr. ákvæði löggjafar um velferð dýra og er þar m.a. aðstaða fyrir skammtímagæslu hunda meðan verið er að finna út eignarhald á lausagönguhundum eða hunda sem teknir er í vörslu HER og Lögreglu þar sem HER kemur að málum. Öll mál er varða týnda hunda og lausagönguhunda leystust farsælega þannig að flestir komust til síns heima en þeir sem enginn vitjaði fengu nýtt heimili. Engan hund þurfti að aflífa.

Í lok árs voru hafnar umræður um hugmyndir að einu dýraeftirliti í Reykjavíkurborg sbr. stefnuskrá nýs meirihluta sem tók við í júní. Hundaeftirlit myndi þá færast þangað en þvingunarmál vegna brota á hundasamþykkt og slíkt vera áfram í höndum HER. Afskráningar hunda voru 284 en nýskráningar færri eða 180. Hundar á skrá voru um 2500. Kvartanir vegna hunda voru 79. Ljóst er að kvörtunum vegna hunda fer áfram fækkandi milli ára og að stöðugt meiri sátt er um hundahald í borginni og hund eigendur sem aðrir taka almennt meira tillit hver til annars.

Sjá nánar um hundaeftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/hundahald-og-hundaeftirlit>

